

**Nd.**

**154. Frumvarp**

til laga um breyting á lögum nr. 57, 22. nóv. 1907, um vegi.

Flutningsmaður: Einar Porgilsson.

1. gr.

Landssjóður kostar viðhald vegarins milli Hafnarfjarðarkaupstaðar og Keflavíkurkauptúns.

2. gr.

Lög þessi öðlast gildi 1. janúar 1922.

**Á s t æ ð u r .**

Frumvarp þetta er fram komið samkvæmt ósk frá sýslunefnd Gullbringusýslu og sýslubúum yfirleitt.

Vegagerðarkostnaður sýslunnar er henni nú svo vaxinn yfir höfuð, og hlýtur að vaxa enn meira, vegna nýrra vegabóta, sem eigi verður hjá komist og byrjað er á, að sýslan sjer eigi fært fyrir sig að halda við öllum vegunum, enda tæplega hægt að ætlast til þess, þó svo atvikaðist, þegar vegalögın voru samin, að enginn vegarspotti í þeirri sýslu fjekk nafnið »þjóðvegur«.

Öllum, sem staðhætti þekkja, má það kunnugt vera, að ef nokkursstaðar á Íslandi var þörf á að leggja vedi, þá var það i Gullbringusýslu. Og þörfin sjest best á því, hversu mikið sýslubúar hafa lagt á sig til að fá vegina, og ber eftirfarandi yfirlit það með sjer.

Frá árinu 1904 til ársins 1920 bafa hrepparnir og sýslusjóður lagt fram til vegalagninga og viðhalds vega sem hjer segir:

Til vegarins frá Hafnarfirði til Keflavíkur .....	kr. 71727,00	(vegalengd 38 km.)
— Grindavíkurvegarins .....	— 39000,00	( " 16 " )
— Hafnavegarins — sem eigi er fullgerður enn	— 35176,00	( " 8½ " )
— vegarins frá Keflavík að Útskálum .....	— 13633,00	( " 13 " )
— er eftir að leggja af þeim vegi ca. ¾ hluta.		
— vegarins frá Hafnarfjarðarveginum yfir svokallaðan »Engidale« til Lambhúsagarðs í Bessastaðahreppi.....	— 8000,00	( " 7½ " )
— viðhalds vegarins frá Hafnarfirði til Keflavíkur og endurbyggingar á Bolafótsbrú á Njarðvíkurfitjum .....	— 11000,00	
Samtals kr. 178536,00		

Háttvirt Alþingi hefir einnig viðurkent þörfina til þessara vegalagninga, þar sem það hefir lagt fram allmikið fje til þeirra, oftast nær helming kostnaðarins.

Þó vegurinn milli Hafnarfjarðar og Keflavíkur verði gerður að þjóðvegi, og viðhald hans kostað af ríkissjóði, þá hefir sýslan samt nál. 45 km. til viðhalds. Þegar á það er litið, og svo hilt, að hún verður að annast um afborganir og vexti af öllum vegalánum sinum, sem nú eru um kr. 140000,00, og flest þeirra dýr víxillán, því að ónnur lán hafa bankarnir ekki viljað veita síðustu árin, þá er það augljóst, að þetta er henni sú fylsta byrði, sem hægt er að hugsa sjer að hún geti boríð.

Á það skal hjer með bent, að vegurinn inmilli Hafnarfjarðar og Keflavíkur er framhald þjóðvegarins á milli bæjarlandanna Reykjavíkur og Hafnarfjarðar og tengir saman höfuðstað landsins og Hafnarfjarðarkaupstað við fimm kauptún: Keflavík, Grindavík, Hafnir, Gerða og Sandgerði, sem alt eru góð fiskiver, og sum þeirra með þeim freinstu á landinu. Af því er það augljóst, að hann er mjög fjölfarinn vegur, eigi einungis af sýslubúum, heldur fjölda annara, einkum Reykjavíkurkaupstaðar-, Kjósar-, Borgarfjarðar-, Árnes- og Rangárvallasýslubúa. Það virðist því mesta sanngirni mæla með því, að oftgreindur vegur sje tekinn upp í þjóðvegatölu og viðhald hans kostað af ríkisins fje.